

Áskorun til framkvæmdastjórnar Landspítala og yfirvalda um aðgerðir í þágu Landspítala Viðvarandi flæðisvandi í heilbrigðiskerfi sem birtist á bráðamóttöku Landspítala.

Fagráði í bráðahjúkrun á Landspítala er ætlað að standa vörð um fagmennsku, gæði og framþróun í hjúkrun á bráðamóttöku Landspítala.

Fyrir 5 árum síðan, í október 2016 sendi Fagráðið ályktun til framkvæmdastjórnar vegna þess að:

Undanfarna mánuði hefur flæðisvandi spítalans verið slíkur að um 12-20 legudeildarsjúklingar sem eru „innlagðir“ hafa legið á bráðamóttöku þar sem ekki hefur tekist að finna þeim rými á legudeildum

og taldi

„brýnt að brugðist verði við þessum vanda strax með langtíma lausnum þannig að innlagnarsjúklingar liggi að jafnaði ekki á bráðadeild umfram 6 klukkustundir. Þannig mun bráðamóttakan geta sinnt hlutverki sínu við móttöku bráðveikra og slasaðra og ráðið við toppa til dæmis vegna inflúensufaraldurs eða hópslysa.“

Í september 2019 sendi Fagráðið eftirfarandi yfirlýsingu til framkvæmdastjóra, heilbrigðisráðherra og Landlæknis:

Álag á bráðamóttöku Landspítala undanfarið hefur verið slíkt að starfsfólki hefur ekki tekist að viðhalda öryggi sjúklinga og gæðum þjónustu. Þar skiptir lykilmáli að fjöldi sjúklinga á deild hverju sinni hefur verið langt yfir eðlilegum mörkum um bráðþjónustu. Fagráð í bráðahjúkrun telur að hjúkrunarfræðingar bráðamóttöku geti ekki tryggt öryggi sjúklinga á deildunum í þessu viðvarandi ástandi og lýsa yfir að ábyrgð liggi hjá stjórn Landspítala og stjórnvöldum, þar með talið ábyrgð á mögulegum mistökum.

Rúmstæði bráðamóttöku eru nú að jafnaði upptekin af 20 og upp í 44 sjúklingum sem búið er að taka ákvörðum um að þurfi að leggjast inn á spítalann. Þessir sjúklingar ættu að vera farnir á legudeild en einungis 24-28% ná því innan 6 klukkustunda markmiðs sem Landspítali hefur sett. Þessi fjöldi **innlagðra sjúklinga á bráðamóttöku jafnast á við 1 til 3 legudeildir á Landspítala**. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar bráðamóttöku þurfa að sinna stöðugu eftirliti og þörfum þessara sjúklinga, bregðast við bráðum uppákomum **auk þess að taka á móti þeim 180 sjúklingum** sem leita til bráðamóttöku á hverjum sólahring. Álagið er því margfalt. Einnig er aðstaðan og aðbúnaðurinn óviðunandi hvað varðar sýkingavarnir, persónuvernd, salernisaðstöðu og umhverfisáreiti. Við þessar aðstæður er öryggi sjúklinga ógnað, starfsfólk er hrætt við að gera mistök sem leitt geti til saksóknar, fagmennska og sérhæfing bráðahjúkrunarfræðinga líður fyrir og hjúkrunarfræðingar íhuga að hverfa frá störfum.

Fagráðið ítrekar því og endurtekur fyrri ályktanir og yfirlýsingar um ógn við öryggi sjúklinga á bráðamóttökunni og að bregðast þurfi við vandanum strax.

Fagráðið krefst þess að sjúklingar sem þurfa á innlögn að halda **dvelji ekki lengur en 6 klukkustundir á bráðamóttöku** og að þeim tíma liðnum komist þeir á legudeildir í viðeigandi sérhæfða þjónustu sem þeir þurfa á að halda. **Opna verður fleiri legurými** á Landspítala, auk viðbótarúrræða við hjúkrun og þjónustu í samfélaginu og heimahúsum og fleiri hjúkrunarrými verði opnuð eins og lofað hefur verið.

Til þess að þetta geti orðið er ljóst að **stjórnvöld** verða að grípa inn í, **meta hjúkrunarstörf að verðleikum og gera starfsumhverfi við hjúkrun viðunandi**. Við krefjumst þess að öryggi og réttarstaða starfsfólks verði tryggt þegar öryggi sjúklinga er ógnað. **Ábyrgðin er þeirra sem ákveða að viðhalda þessu langvarandi ástandi á Landspítala og í heilbrigðiskerfinu með því að bregðast ekki við ákalli fagfólksins.**

Fagráð í bráðahjúkrun

Stjórn Fagráðs í bráðahjúkrun frá 2020:

Dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir prófessor og formaður Fagráðs í bráðahjúkrun (thordith@landspitali.is ; gsm 6974836)

Helga Rósa Másdóttir deildarstjóri bráðamóttöku Landspítala (helgamas@landspitali.is ; gsm 8255167)

Ágústa Hjördís Kristinsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun

Dóra Björnsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun

Ingibjörg Sigurbórsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun

Kristín Halla Marínósdóttir bráðahjúkrunarfræðingur

Þuríður Anna Guðnadóttir aðstoðardeildarstjóri bráðamóttöku Landspítala